

#### 4. fundur

Safnanefnd Stykkishólms hélt fund á Amtbókasafninu miðvikudaginn 2. desember 1998 kl. 17:30.

Mættir voru: Guðrún A. Gunnarsdóttir, Guðmundur P. Ólafsson, Gunnar Gunnarsson, Ægir Jóhannsson og Guðmundur Andrésson, sem ritar fundargerð.  
Einnig Sigurlína Sigurbjörnsdóttir, forstöðumaður Amtbókasafnsins.

Formaður, Guðrún A. Gunnarsdóttir, setti fundinn og stýrði.

Dagskrá:

1. Tölvumál.
2. Önnur mál.

1. Tölvumál.

Sigurlína lagði fram tilboð sem aflað hefur verið, frá Tæknival og Tölvuþjónustunni á Akranesi. Rætt um reglur varðandi notkun á tölvu sem yrði til almenningsafnota. Fyrirhugað er að byrja eftir áramót að bjóða upp á almennt aðgengi að tölvu og interneti. Ákveðið að semja einfaldar reglur um notkun almennings.

2. Önnur mál.

Rætt um nauðsyn á að nefndin fengi erindisbréf. Sigurlína sagði frá haustfundi forstöðumanna almenningsbókasafna.

Lagt fram erindisbréf Menningarmálanefndar Hornafjarðar til skoðunar.

Guðmundur Páll Ólafsson lagði fram yfirlýsingu sem hann óskaði að yrði bókuð. Bókunin kemur í lok fundargerðar. Rætt um yfirlýsingu Guðmundar sem segist ekki muni sitja fundi nefndarinnar þar til nokkur atriði í safnamálum liggja fyrir.

Ákveðið að óska eftir fundi með bæjarstjórn í janúar nk. þar sem hugmyndir bæjarfulltrúa í safnamálum komi fram og safnanefnd reifi hugmyndir sínar. Nefndin gerir tillögu um 20. janúar sem fundardag.

Nefndin leggur til að árgjald fyrir fullorðna verði kr. 700 í stað 600 eftir áramót.

Nýr starfsmaður safnsins Anna S. Gunnarsdóttir hefur hafið störf tímabundið.

Formaður sagði frá fyrirhuguðum samráðsfundi Listasafns Íslands 11. desember 1998.

Sigurlína sagði frá Norrænni bókasafnsviku, um 100 manns komu á dagskrána sem tókst vel.

Fundargerðin upplesin og hún samþykkt.

Fundi slitið kl. 19:40.

Guðmundur Andrésson, fundarritari (sign.).

Guðrún A. Gunnarsdóttir (sign.),

Guðmundur P. Ólafsson (sign.),

Sigurlína Sigurbjörnsdóttir (sign.).

Ægir Jóhannsson (sign.),

Gunnar Gunnarsson (sign.),

## Yfirlýsing

Stykkishólmi 2. desember 1998.

Á fyrsta fundi safnanefndar Stykkishólms 15. september sl. innti ég formann eftir erindisbréfi og hlutverki nefndarinnar. Vildi ég fá að vita í hverju störf okkar væru fólgin, hver tillöguréttur okkar væri svo og afstaða bæjarstjórnar Stykkishólms í safnamálum. Engin vitneskja hefur borist í þessum efnun.

Á öðrum fundi stjórnar kom fjárhagsáætlun Amtbókasafns til umræðu og gerði ég alvarlega athugasemd við metnaðarleysi í fjárhag Amtbókasafns sem sýndi svo ekki væri um villst að safnið hefði búið við langvarandi peningasveldi. Þess vegna væri starfsemi í algjöru lágmarki og alls ekki í anda þess sem ég þekkti núverandi bæjar-yfirvöld fyrir að vilja standa fyrir og enn síður prýðilegir starfsmenn safnsins. Af þessum ástæðum lagði ég til að framlög til sjálfrar starfseminnar yrðu hækkuð verulega og að þau yrðu aukin markvisst um tugi prósent á hverju ári næstu þrjú árin. Vakti ég athygli á ýmsum spennandi möguleikum í safnamálum og lagði til að stofnaður yrði þróunarsjóður sem myndi standa undir aðkeyptri hugmynda- og úrvinnsluvinnu til að undirbúa fjölþætt safnalíf í stykkishólmi. Undir þetta var vel tekið í upphafi og frjóar umræður spunnust en á þriðja fundi sat aftur við sama og fjárhagsáætlun Amtbókasafnsins framreiknuð af gömlum vana. Ekki þótti ástæða til að leggja fram áætlun um þróunarsjóð samhliða þessari þriggja ára áætlun.

Safnamál í Stykkishólmi eru lykilmál til framtíðar. Þau varða menningu, uppeldi, forvarnir og atvinnumál í mjög víðum skilningi. Í dreifðum byggðum Íslands er þessum málum víðast hvar illa sinnt. Þau hafa orðið undir í baráttunni um aurana og yfirsýn bæjar- og sveitarstjórnarmanna hefur yfirleitt ekki verið safnamálum til framdráttar. Þeir hafa ekki séð samhengið á milli góðra safna og fastrar og farsællar búsetu, einblínt miklu fremur á íþróttamál sem allsherjarlausn og litið fram hjá hinu. Þetta er áberandi í flestum bæjarfélögum landsins.

Í Stykkishólmi er alvarlegur skortur á góðu nútímalegu bókasafni og hér verða fleiri söfn að rísa ef Stykkishólmur á að verða lifandi og frjó byggð. Það er höfuðástæðan. Veigaminni en samt mikilvæg er sú ástæða að söfn laða ferðamenn til staðarins og láta þá staldra hér við. Af nógu er að taka í safnamálum en til þess að þróa hugmyndir verður undirbúningsvinna að vera mikil. Mér sýnist hlutverk safnanefndar eiga að vera sú að vinna úr hugmyndum og samræma þær í samvinnu við bæjaryfirvöld, en þá verður líka að vera deginum ljósara að nefndin vinni ekki í lausu lofti og að vinnan hennar verði að hugmyndasmíð sem aðeins er hampað fyrir kosningar. Þess vegna verður nefndin að fá sitt erindisbréf þar sem hlutverk hennar kemur skýrt fram svo og vilji og stefna bæjarstjórnar í safnamálum. Einungis þannig er hægt að koma safnamálum í það horf sem sæmir metnaðarfullri bæjarstjórn.

Nú veit ég ekki fyrir hvern ég sit í þessari nefnd. Mér skilst að ég sitji ekki fyrir þann hóp sem bað mig um að vera fulltrúi. Það skiptir heldur ekki máli. Hingað kom ég til þess að gera eitthvað í safnamálum; taka þátt í að blása nýju lífi í Amtbókasafn, ræða nýjar hugmyndir og taka þátt í að ákveða og móta ný söfn. Til þessa hefur ekkert gerst sem bendir til þess að safnamál séu alvörumál, fremur en fyrri daginn. Ég er ekki hér til þess að þjóna einhverjum flokki með eða á móti bæjarstjórnarmeirihluta Stykkishólms og tek ekki þátt í pólitískum leik um safnamál. Hér voru væntingar uppi um að allir gætu unnið saman að velferð bæjarins en á meðan ekki liggur ljóst fyrir til hvers við sitjum í safnanefnd og fáum ekkert yfirlit um áætlanir til framtíðar þá lít ég svo á að þessi nefnd sé óþörf og henni ætti bókari Stykkishólmsbæjar einn að sinna. Í því ljósi mun ég ekki sitja fund fyrir en ofangreind atriði liggja fyrir.

Guðmundur Páll Ólafsson (sign.).